

Alþingi
Erindi nr. þ 120/2003
komudagur 13/5 1996

Nokkrar minnisgreinar um VIII. kafla frumvarps til lögreglulaga:

1. Lögregluskóli ríkisins er ekki aðfarnám þeirra sem vilja verða lögreglumenn, heldur starfsþjálfunarstig innan lögreglunnar, eftir að menn hafa verið ráðnir til starfans.
2. Samkvæmt frumvarpinu hafa lögreglustjóraembættin ekki lengur aðstöðu til að velja sér sjálf þá starfsmenn sem best hæfa þörfum þeirra.
3. Lögreglustjórar á landsbyggð hafa reynt að ráða þá menn sem eiga rætur heima í héraði og því líklegir til að tolla þar í starfi. - Með þessum nýmælum er þetta ekki gerlegt lengur.
4. Sú ráðningaraðferð sem stungið er upp á, með ólaunuðum fyrri áfanga skólans, hefur í för með sér að umsækjendur verða yngri og óreyndari, og þar með eru þeir fældir frá sem heppilegastir hafa reynst að öðru jöfnu.
5. Með ákvæðunum 4. mgr. 38. gr. er reynt að afnema ákvæði í kjarasamningum lögreglumanna, sem einmitt kveða á um þetta:

10.1.1* Lögreglumenn, sem stunda nám í Lögregluskóla ríkisins eða sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið að beiðni lögreglustjóra, skulu halda föstum launum og vaktaálagi. Lögreglumenn, sem af þessum sökum þurfa að búa fjarni heimilum sínum, skulu fá greiddan ferðakostnað til og frá heimili sínu við upphaf og lok námstímabils. Auk þess eina slíka ferð á fyrri önn Lögregluskóla ríkisins og 2 slíkar ferðir á síðari önn skólans. Þeir skulu ennfremur fá greiddan hæfilegan dvalarkostnað skv. mati nefndar, sbr. 6.7.
6. Ástæða er til að endurskoða ákvæði frumvarpsins um menntunarkröfur. Orðalagið í c. lið 2. mgr. 38. gr. er í fyrsta lagi mjög óljóst, og þyrfti a.m.k. að breyta *tveggja ára almennu framhaldsnámi í jafngildi tveggja ára almenns bóknáms í framhaldsnámi*. Það er hins vegar rétt að athuga að krafa um stúdentspróf ætti að létta á þörfinni á að hafa almennar bók-námssgreinar á námsskrá lögregluskólans. - Annars er það skondið að gerðar séu minni menntunarkröfur til lögreglumanna en til símvarda Neyðarlínunnar!
7. Slakað er hættulega á kröfum um mannorð og fyrri feril umsækjenda.
8. Lögreglumenn benda á að það er í gegn því sem tíðkast í nágrannalöndum, að skólastjóri lögregluskólans eigi að vera lögfræðingur. Yfirleitt er ætlast til að hann komi úr röðum lögreglumanna, nema þar sem sérstakar kröfur eru gerðar um sérmenntun á sviði skólamála. - Núverandi skólastjóri lögregluskólans er að vísu lögfræðingur, en hefur einnig víðtæka þekkingu á lögreglustarfi af fyrra starfsvettvangi.